

## Fundargerð ársfundar Rannsóknastofu í táknafræðum 10. júní 2024 kl. 15:00

Ársfundurinn var haldinn í húsnæði Háskóla Íslands, fundarstjóri var Guðný Björk Þorvaldsdóttir. Alls mættu átta aðilar á fundinn, fjórir frá SHH, tveir frá Málvísindastofnun og tveir utan stofnanna. Táknmálstúlkar á fundinum voru Anna Dagmar Daníelsdóttir og Sigurður J. Vigfússon. Fundarstjóri bauð gesti velkomna og fór yfir hlutverk rannsóknastofunnar áður en gengið var til dagskrár.

- Skýrsla stjórnar:** Rannveig kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni rannsóknastofunnar á árinu 2023. Hún nefndi einnig að á fundi stjórnar rannsóknastofunnar á liðnum vetri hefði verið rætt um þýðingu á heimasíðu stofunnar yfir á ÍTM, um það hvort sækja ætti styrki til að þýða fræðilegar greinar á ÍTM og um að finna þurfi einfalda lausn til að uppfæra skjalið með birtum málfræðirannsóknnum en þau verkefni hafi ekki komist til framkvæmda. Engar spurningar eða athugasemdir voru við skýrsluna sjálfa. Jóhannes Gísli vakti máls á því að gott væri að hafa rafrænt aðgengi að þeim lokaritgerðum sem ekki eru á Skemmunni, hvort möguleiki væri að skanna þær inn og gera aðgengilegar. Allir sammála um að það væri mikill kostur ef hægt væri að ráðast í það verkefni.
- Kynning á (nýjum) verkefnum rannsóknastofunnar:** Rannveig og Kristín Lena fóru yfir þau verkefni sem verið er að vinna að í HÍ og á SHH. Rannveig sagði frá verkefni hennar og Valgerðar um málhugmyndafræði kringum ÍTM og frá verkefni sem Jóhannes Gísli stýrir sem miðar að því að skrá gögn í ELAN svo hægt sé að nota þau til að rannsaka setningafræðileg atriði. Þá sögðu þær frá fundum með Hafsteini Einarssyni og tveimur nemendum í tölvunarverkfræði sem fengu styrk til að þróa gervigreind svo hægt væri að koma táknafræði í ritaðan texta. SignWiki mun verða notað í þessu verkefni og ef að líkum lætur munu gögn úr þessu verkefni bætast inn á SignWiki. Kristín Lena sagði að Árni I. Jóhannesson hafi verið ráðinn tímabundið til starfa á SHH til að taka þátt í þessu verkefni en hann hefur stundað meistaranám í tölvunarfræði. Starf Árna mun verða framlag SHH til verkefnisins en vonir eru bundnar við það að hann geti sameinað döff heim og gervigreindarfólk. Hann mun einnig gera drög að mögulegri áætlun fyrir máltækni ÍTM. Lokaafurð nemanna verður viðmót þar sem fólk getur skilað inn upptökum af táknum en vonandi leiðir niðurstaða úr þessu verkefni til þess að hægt verði að búa til umsókn fyrir stærra verkefni. Kristín Lena sagði frá því að búið væri að ráða Guðnýju B. Þorvaldsdóttir sem fagstjóra rannsókna á SHH og hefur hún störf 1. september. Ýmis verkefni úr aðgerðaáætlun málstefnu verða á hennar borði, t.d. verkáætlun fyrir málheild ÍTM.
- Kynning á nýjum reglum um rannsóknastofur Hugvísindastofnunar og þar með breytingum á reglum Rannsóknastofu í táknafræðum.** Frá síðasta stjórnarfundum hefur orðið breyting á reglum rannsóknastofunnar sem kemur til vegna breytinga á fyrirkomulagi rannsóknastofa innan Hugvísindasviðs. Rannveig fór yfir þessar breytingar og hvaða áhrif þær hafa á starf Rannsóknastofu í táknafræðum. Fram kom að starf stofunnar mun ekki taka neinum breytingum en reglurnar hafa það í för með sér að ekki þarf lengur að skipa stjórn og ekki er kveðið á um fundi, hvorki ársfund né stjórnarfund. Málvísindastofnun hefur þegar samþykkt að Rannsóknastofan verði nú það sem telst vera „C-gerð“ eða óformlegur vettvangur rannsóknastarfs og/eða samvinnu á vel afmörkuðu sviði sem hefur ekki reglubundinn fjárhagslegan rekstur. Ábyrgðaraðili stofunnar er Rannveig Sverrisdóttir lektor í táknafræði en gert er ráð fyrir að hún og forstöðumaður SHH leiði starfið. Það felst m.a. í því að meta ár

frá ári hverjir eru virkir í rannsóknastarfi á sviði stofnunarinnar og fái boð á fundi hennar. Almenn umræða um það hvaða breytingar þetta ætti eða gæti haft í för með sér, hvort skýrslur eigi að birta áfram árlega og halda fundi. Rætt var um aðild að stofunni og hverjir ættu að fá boð á fundi hennar hverju sinni. Kristín Lena gerir það að tillögu sinni að SHH sjái um að þýða textann á heimasíðu stofunnar yfir á ÍTM og í kjölfarið mun vefstjóri Hugvísindasviðs setja myndböndin inn á síðuna.

#### 4. Önnur mál

- a. Júlía vekur máls á stöðu ÍTM innan HÍ og vísar í Eddu, hús íslenskunnar sem nú er risið. Spyr hvar ÍTM eigi að rúmast, saknar þess. HÍ og SHH í gríðarlegu samstarfi og góðu samstarfi en enginn döff fræðimaður starfandi við HÍ. Kristín Lena segir að hún nefni það reglulega við ráðherra að opna þurfi hús ÍTM. SHH er að reyna að opna fyrsti vísi að húsi ÍTM, en það gengur erfiðlega. Jóhannes Gísli útskýrir starfið í Eddu en það hýsir skrifstofur kennara í fjórum greinum innan Íslensku- og menningardeildar, kennslu og rannsóknastarf. Jóhannes er með skrifstofu í Eddu og hann stundar m.a. rannsóknir á ÍTM. Rannveig segir táknafræðina því miður litla grein en hún minni reglulega á að bæta þurfi við stöðugildi og það væri ekki verra ef þar yrði ráðinn döff aðili. Málið er margflókið því það snýst um fólk með rétt menntunarstig og hæfni, nemendafjölda og fjármagn.
- b. Málstefna: Rannveig og Kristín Lena segja frá því að þingsályktun um málstefnu ÍTM og aðgerðaáætlun hafi verið samþykkt og þar séu verkefni sem rannsóknastofan muni koma að á næstu árum.
- c. Júlía spyr um verkefnið setningafræði ÍTM og Rannveig og Jóhannes Gísli útskýra verkefnið, tilgang og markmið. Að fundi loknum bætti Júlía því við að henni þætti mikilvægt að minna á að málhafar þurfi að koma að skráningu gagna og glósun eða í það minnsta yfirferð þeirra. Mikilvæg áminning um að við gætum öll að jafnvægi í rannsóknarstörfum hvað varðar málkunnáttu og menntunar fólks sem að þeim kemur. Samvinna er hér mikilvæg þar sem enginn einn aðili hefur bæði menntun og málkunnáttu í ÍTM til að geta borið ábyrgð á slíku verkefni.
- d. Kristín Lena nefnir að mikilvægt sé að ábyrgðaraðilar séu vakandi fyrir því að rannsóknir innan stofunnar séu alltaf merktar rannsóknastofunni, veltir því upp hvort stofan ætti að eiga eigið logo. Halda þarf á lofti nafninu og nafni stofanna sem að þessu standa. Kristín Lena og Rannveig fylgja þessu eftir framvegis og skoða hvaða leiðir eru bestar í þessu samhengi.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl.16:02.

Fundargerð ritaði Rannveig Sverrisdóttir.

## Fundur stjórnar Rannsóknastofu í táknmálsfræðum 11. desember 2023

Fundur var haldinn í stjórn Rannsóknastofu í táknmálsfræðum mánudaginn 11. desember. Mættar voru: Guðný Björk Þorvaldsdóttir (GBÞ), Júlía G. Hreinsdóttir (JGJ) og Rannveig Sverrisdóttir (RS). Nokkur atriði voru til umræðu:

1. Heimasíðan: Þar er nú kominn ítarlegur listi með ritgerðum er tengjast táknmáli og skyldum greinum. Elísa G. Brynjólfssdóttir vann verkið. Gaman að sjá hvað mikið hefur verið skrifað. RS og Elísa halda utan um að uppfæra síðuna árlega.
2. Breytingar á reglum um rannsóknastofur á Hugvísindasviði. RS kynnti málið og sagði að hún hefði borið það undir forstöðumann SHH. Lagt er til að rannsóknastofan okkar verði af C-gerð, það ætti ekki að hafa nein áhrif á okkar vinnu en gæti einfaldað utanumhald og skrifinnsku. RS vinnur skjalið til Hugvísindastofnunar í janúar og sendir bæði á forstöðumann SHH og stjórn rannsóknastofunnar til athugasemda. Eftir það er hægt að huga að reglubreytingum á Rannsóknastofu í táknmálsfræðum og taka tillit til þeirra athugasemda sem komu á ársfundi 2023. Rætt að við viljum passa upp á að hittast reglulega og ræða saman, það er mjög mikilvægt, bæði í stórum og minni hópum, og halda skrá yfir það sem er gert. Getum komið okkur upp einhvers konar verklagi, t.d. að hafa einfaldari skýrslu (og þýða alltaf strax á ÍTM), hafa stóra fundi fast annað hvert ár en svo fagráð sem hittist oft. Ræðum það fyrir næsta ársfund.
3. Annað frá ársfundi og stjórnarfundum á árinu: Reglubreytingar sem óskað var eftir á ársfundi frestast (sjá lið 2). Á fundi síðustu stjórnar var rætt um þýðingar á heimasíðu og þýðingar á greinum úr Ritinu, fyrst grein Valgerðar Stefánsdóttur. Einnig skjal með yfirliti yfir birtar rannsóknir sem erfitt að uppfæra. Skoðum þetta í rólegheitum með vori, tillaga að JGH skoði þýðingu á heimasíðu, RS leiti styrkja til að þýða grein Völu og GBÞ skoði leiðir til að uppfæra skjalið.
4. Uppfæra heimasíðu: RS skoðar það í janúar, þarf að uppfæra „ráðstefnur framundan“.

Fundargerð ritaði Rannveig Sverrisdóttir.